



STARFSEMI NORÐURSTRANDARLEIÐAR OG AÐILD

Viðmið og reglur varðandi aðild að Norðurstrandarleið og starfsemi, þjóna því hlutverki að tryggja að það sem við lofum gestum okkar standist gæðakröfur og staðfesti trúverðugleika vörumerkisins.


Norðurstrandarleið stendur fyrir ákveðin fyrirheit gagnvart gestum sem fara um þessa leið:

Norðurstrandarleið **heillar gesti sína** með tengingu við upprunalega, ósnortna og óspillta náttúru og á leiðinni sjá þeir fjölbreytt landslag milli fjalls og fjöru.

Hún **tengir gesti** við samfélög lítilla og friðsælla sjávarþorpa þar sem fólk hefur búið öldum saman og á sér sögu og menningu mótaða af nánd við hafið og heimskautsbauginn.

Gestum er komið á óvart með fjölbreytilegu og kyrrlátu andrúmslofti þessara staða, sem láta engan ferðalang ósnortinn. Fólk finnur orkustreymi umhverfisins og hrífst af töfrum birtunnar í margvíslegum tilbrigðum árið um kring.

Hér er hægt að njóta slökunar, varpa frá sér áhyggjum hversdagslífsins og eignast ógleymanlegar og einstakar minningar.



AÐILD:


Íslensk ferðapjónustufyrirtæki á svæði Norðurstrandarleiðar sem uppfylla nauðsynleg skilyrði geta gerst meðlimir. Einungis meðlimum er heimilt að eiga viðskipti undir skrásetta vörumerkinu Norðurstrandarleið. Ferðapjónustufyrirtæki, samkvæmt skilgreiningu, eiga viðskipti við bæði innlenda og erlenda ferðamenn; t.d. fyrirtæki sem skipuleggja ferðir, gististaðir, veitingahús og aðrir matsölustaðir, sýningar, söfn og viðburðir. Sveitarfélög geta einnig gerst meðlimir.

Meðlimir Markaðsstofu Norðurlands sem ekki uppfylla landfræðileg skilyrði (sjá A.2.) geta ekki fengið aðild að Norðurstrandarleið.

REGLUR UM VIÐSKIPTI MEÐ VÖRUMERKIÐ, ANNARRA EN AÐILDARFYRIRTÆKJA:

Reglurnar eiga við um **ferðaskrifstofur og heildsala** sem ekki eru staðsett á svæði Norðurstrandarleiðar og eru ekki meðlimir í Markaðsstofu Norðurlands. Reglurnar taka einnig til **umboðsaðila erlendis frá og erlendra ferðapjónustufyrirtækja**.

Norðurstrandarleið er eins og hér er sýnt:



A. AÐILDARVIÐMIÐ

1. Hæfisskilyrði

- ✓ Meðlimir eru skráð fyrirtæki og eru aðilar í *Markaðsstofu Norðurlands*
- ✓ Meðlimir hafa ótvíræð tengsl við norðurströnd Íslands (sjá A.2)
- ✓ Meðlimir ábyrgjast samfelld samskipti (tölvupóstur og sími) allan ársins hring og stefna að því að fyrirtæki þeirra séu opin allt árið
- ✓ Meðlimir vinna að aukinni sjálfbærni innan fyrirtækja sinna
- ✓ Meðlimir sækja árlega vinnustofu Norðurstrandarleiðar til að skiptast á reynslusögum og bæta innri tengsl

2. Landfræðileg staða

Staðsetning fyrirtækjanna styrkir upplifun gesta í tengslum við strandlengjuna og þau áhrif sem gestir finna fyrir vegna hennar.

- ✓ **Sjávarþorp** er að finna víða á leiðinni
- ✓ **Fyrirtæki** (gisti- og veitingastaðir, sýningar, viðburðir, o.fl.) geta orðið meðlimir, ef þeir eru:
 - á skilgreindri leið Norðurstrandarleiðar
 - eða sjávarmegin við skilgreindar akstursleiðir
 - eða í nánd við skilgreinda leið ($\leq 4\text{km}$) og bjóða helst upp á útsýni til hafsins
- ✓ **Afþreyingar og upplifanir** þurfa að vera á strandlengjunni eða á/í hafinu, sjá lið A.3.1.
- ✓ **Ferðaskipuleggjendur** sem eru innan hins skilgreinda svæðis Norðurstrandarleiðar (sjá **Fyrirtæki**) geta ekki orðið meðlimir ef þeir bjóða ekki upp á ferðir eða afþreyingu á strandlengjunni

2.1. Meðlimir Markaðsstofu Norðurlands sem ekki uppfylla skilyrði um staðsetningu

Aðilar að Markaðsstofu Norðurlands sem ekki uppfylla landfræðileg viðmið geta tekið þátt í verkefninu með því að bjóða upp á Hetjuupplifun (sjá A.3.1.). Enda þótt þeir séu ekki meðlimir Norðurstrandarleiðar, verða Hetjuupplifanir þeirra auglýstar sem hluti af markaðssetningu Norðurstrandarleiðar, og þeir bera síðan sinn hluta af kostnaði við markaðssetningu (sjá A.5.3). Viðkomandi fyrirtæki getur síðan notað vörumerki Norðurstrandarleiðar í tengslum við Hetjuupplifanir eingöngu, en ekki í almennri markaðssetningu sinni. Fyrirtækið verður einnig að fara í gegnum umsóknarferlið (A.6.)

3. Vörur og upplifanir

Þessi orð lýsa mismunandi stigum á því sem í boði er á Norðurstrandarleið. Alltaf þarf að hafa náttúru og menningu við ströndina sem áhersluatriði.

Skilgreiningar

Vörur: Allar þær vörur sem ferðamönnum bjóðast, þar sem lögð er áhersla á náttúru og menningu við ströndina

Upplifanir: Þær vörur sem eru í samræmi við viðmið Norðurstrandarleiðar um upplifanir og styðja við að uppfylla loforð leiðarinnar gagnvart gestum sínum.

4. Markaðssetning og upplýsingar

- ✓ Meðlimir skipta með sér markaðskostnaði til að tryggja sjálfbæra og örugga markaðssetningu Norðurstrandarleiðar til lengri tíma (sjá A.5.)
- ✓ Meðlimir styðja markaðssetningu vörumerkisins með því að nota kennitákn og nafn þess í sinni eigin markaðssetningu, t.d. þegar auglýst er á Tripadvisor eða booking.com (t.d. Gistiheimili X er á Norðurstrandarleið)
- ✓ Kennitákn Norðurstrandarleiðar gefur til kynna aðild að samtökunum, en táknið er einungis sýnt með ferðum/afurðum sem uppfylla nauðsynleg viðmið (A.3)
- ✓ Meðlimir mega ekki nota kennitákn Norðurstrandarleiðar á heimatilbúnum vegmerkingum.

5. Kostnaður vegna markaðssetningar Norðurstrandarleiðar

Meðlimir Norðurstrandarleiðar taka þátt í markaðskostnaði verkefnisins með árgjöldum sínum.

5.1. Þjónusta og kostnaður

Fyrir verkefnið Norðurstrandarleið er nauðsynlegt að þróa sjálfbæra og sterka markaðssetningu til langs tíma, sem þjónar hagsmunum allra þeirra sem starfa undir vörumerkinu. Af þeirri ástæðu þurfa meðlimir að greiða fyrir kostnað við markaðssetningu. Hér að neðan má sjá verðskrá, sem birt er með fyrirvara um breytingar þar sem verkefnið er í stöðugri þróun og ýmsir þættir geta breyst, til dæmis fjöldi meðlima og aukin þörf fyrir markaðsefni. Upphæðunum verður að sjálfsögðu haldið í lágmarki og verkefnið er rekið án hagnaðar.

Hér má sjá árgjald fyrir þátttöku í Norðurstrandarleið árið 2023. Gjaldið er greitt í fjórum hlutum og fyrsta greiðslan verður í febrúar 2024.

Stærð fyrirtækis	Verð 2026	Greiðsla ársfjórðungslega
1-2 starfsmenn	28.365	7.091
3-4 starfsmenn	42.619	10.655
5-6 starfsmenn	78.253	19.563
7-10 starfsmenn	99.634	24.909
≥11 starfsmenn	141.112	35.278

	Allir meðlimir
Heimasíða	Þróun og umsjón heimasíðu Norðurstrandarleiðar þar sem fjallað er um hvern meðlim í viðeigandi flokki/valmynd
Kennimerki	Fá kennimerkið til að nota í markaðssetningu
Gagnvirkkt kort	Sýnt á gagnvirku korti á heimasíðu
Söluhandbók	Þróun söluhandbókar sem dreifa skal til ferðaskrifstofa erlendis; Meðlimir eru skráðir í köflum er tengjast sérsviðum þeirra
Sérhæft kort yfir Norðurland	Norðurstrandarleið er merkt á kortinu
ACW kort	Framleiðsla, uppfærsla og prentun korts
Ljósmyndir til að styrkja ímynd svæðisins	Almennar upplýsingar um landslag, gönguferðir, dýra- og fuglalíf, afþreyingu
Hugmyndabanki til að þróa upplifun og reynslu	Þróun og endurnýjun
Fjölmiðlar	Hlutdeild í kynningu Norðurstrandarleiðar í fjölmiðlum
Sölusýningar 1	Kynna verkefnið á ráðstefnum á borð við Mannamót, Mid-Atlantic, Vestnorden með bæklingum og kynningarspjöldum
Sölusýningar 2 (Alþjóðleg ferðaþjónusta, eða takmarkast til ákveðinna hópa)	Kynna og auglýsa verkefnið

6. Breytingar

Þar sem Norðurstrandarleið er vaxandi verkefni sem stefnir að langtíma þróun gætu viðmið varðandi aðild tekið breytingum vegna nýsköpunar innan verkefnisins.

B. REGLUR UM STARFSEMINA

Ferðir sem reknar eru undir nafninu Norðurstrandarleið verða að:

- ✓ vera í meginráttum skipulagðar innan marka Norðurstrandarleiðar
- ✓ innihalda verulegt hlutfall afurða á Norðurstrandarleið
- ✓ uppfylla gildismat og séreinkenni vörumerkis Norðurstrandarleiðar
- ✓ virða verndun náttúru og dýralífs og leitast við að starfa með sjálfbærum hætti
- ✓ hafa í þjónustu sinni þjálfaðan leiðsöguaðila sem getur sagt frá landslagi strandlengjunnar og útskýrt hvernig hafið og náttúruöflin hafa mótað lífshætti og menningu þeirra sem búsettir eru í grennd við heimskautsbauginn

1. Dagsferðir

Dagsferðir þurfa að fela í sér 75% vegalengda eða fartíma á Norðurstrandarleið.

2. Lengri ferðir

Lengri ferðir verða að fela í sér 50% fardaga um Norðurstrandarleið. Einnig verður að koma fram í ferðalýsingu umtalsvert hlutfall gisti- og veitingastaða sem skráðir eru á vefsíðu Norðurstrandarleiðar.